# DEILISKIPULAG
## STÍGUR UM KÓPAVOGSHÁLS
## SKIPULAGSUPPDRÁTTUR
**FORKYNNING**



### Greinargerð

#### Viðfangsefni og áherslur
Megintilgangur deiliskipulagstillögunnar er að mæla fyrir um legu og fyrirkomulag stofnstígs hjólreiða um Kópavogsháls. Laga götu- og stígabreiddir að breyttum samgöngumátum með nýjum aðskildum hjólastíg samsíða núverandi göngustíg. Stuðla þannig að auknu umferðaröryggi, sérstaklega gangandi og hjólandi vegfarenda. Skilgreina legu og umfang umferðarmannvirkja, þ.m.t. bílastæða á bæjarlandi. Bæta ásýnd og fegra almannarýmið með auknum gróðri og um leið auka gegndræpi þar sem pláss og aðstæður leyfa.

Skipulagstillagan er sett fram á tveimur uppdráttum ásamt greinargerð þessari.

#### Skipulagssvæðið og núverandi ástand
Skipulagssvæðið nær til bæjarlands milli Hafnarfjarðarvegar og aðlægra lóða vestan megin vegarins. Frá Skjólbraut í norðri að undirgöngum við Fífuhvamm í suðri. Um 600 m vegalend. Skipulagssvæðið er um 15.7 ha að flatarmáli. Skipulagið nær bæði til almannarýmis og gatnarýmis milli aðliggjandi byggðar, sem í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er skilgreind sem íbúðarbyggð, samfélagsþjónusta, helgunarsvæði vega og veitna og opið svæði. Engar friðlýstar minjar eða náttúruvætti eru innan skipulagssvæðisins. Allar megin forsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 með áorðnum breytinum. Eftir skipulagssvæðinu endilöngu er sýnd göngu- og/eða hjólaleið á aðalskipulagsuppdrætti.

#### Forsendur
Með aukinni hjólaumferð og fjölbreyttari ferðamátum eykst þörfin fyrir aðskilnað gangandi og hjólandi umferðar. Ör fjölgun rafknúnna tvíhjóla farartækja á stígum bæjarins hefur einnig í för með sér hætur á blönduðum göngu- og hjólastígum. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vinna markvisst að því að tengja stofnstígakerfi sitt saman í heilstætt samgönguhjólreiðanet.

#### Tengsl við aðrar áætlanir
***Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:*** Kópavogsbær hefur innleitt Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í stefnu sveitarfélagsins og sett sér 36 yfir-markmið til þess að vinna eftir. Heimsmarkmið 11 um sjálfbærar borgir og samfélög leggur áherslu á að allir geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi fyrir 2030.

***Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins:*** Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040, sem samþykkt var árið 2015, eru sett markmið um að hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum verði a.m.k. 12% og hlutdeild göngu og hjólreiða verði a.m.k. 30%.

***Samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar:*** Síðan árið 2006 hefur legið fyrir samkomulag um samstarf SSH og Vegagerðarinnar um þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að efla hagkvæma, vistvæna samgöngumáta þannig að hægt sé að mæta fyrirsjáanlegri fólksfjölgun án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli.

***Samgöngusáttmálinn****:* Efling stofnstígakerfis hjólreiða er hluti af samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélagana á höfuðborgarsvæðinu sem felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og heildarhugsun um fjölbreyttar samgöngur. Markmið samgöngusáttmálans er að auka umferðaröryggi, bæta samgöngur fyrir alla ferðamáta og minnka tafir, stórefla almenningssamgöngur, draga úr mengun af völdum svifryks og losun gróðurhúsaloftegunda til að standa við loftlagsmarkmið stjórnvalda og sveitarfélaga. Á hjólaleiðanetskortum höfuðborgarsvæðisins sem gefin voru út árið 2020 og unnin í samstarfi SSH og Vegagerðar er gert ráð fyrir að hjóla- og göngustígar meðfram Hafnarfjarðarvegi verði orðnir aðskildir árið 2029.

***Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040:*** Fyrirhugað deiliskipulag er í samræmi við Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 en þar er stofnstíganet hjólreiða skilgreint um Kópavogsháls. Á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins er sýnd vestan megin Hafnarfjarðarvegar punktalína sem markar göngu- og / eða hjólaleið.

Deiliskipulag þetta útfærir því einungis nánar ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrri skipulagsstigum og er í samræmi við skuldbindingar bæjarins.

#### Heildarmynd og skilmálar
Almennt séu stígar á skipulagssvæðinu breiðir og hjólastígar aðskildir göngustígum, með lágum kanti, helluröð eða málningu þar sem öðru verður ekki við komið. Innan svæðisins eru fjórir sérskilgreindir áningarstaðir. Hljóðveggur er og verður áfram austan Kópavogsháls og meðfram Hafnarfjarðarvegi eftir skipulagssvæðinu endilöngu.

#### Gangstéttar, hjólastígar og yfirbragð byggðar
Gangstígar séu að jafnaði 2.5m þar sem því er fyrirkomið. Viðmiðunarbreidd tvístefnu hjólastíga er 3m, tvær 1,5m breiðar hjólreinar afmarkaðar eftir umferðarstefnu. Miðað er við að göngu og hjólastígar séu aðskildir með a.m.k. 25 cm breiðum miðdeili. Heildarbreidd stígasvæðis sé því að jafnaði 5,75 m. Stígur um Kópavogsháls tengist stígum um sunnanvert Kársnes og um Kópavogsdal í botni Kópavogs. Útfærsla stígamóta og torgsvæði í kring hannist við verkhönnun með öryggi og greiðfærni allra ferðamáta að leiðarljósi. Nyrst á skipulagssvæðinu tengjast stígar inn á stígakerfi samsíða Borgarlínu meðfram Borgarholtsbraut. Stígar séu vel upplýstir. Staðsetning og fjöldi ljósastaura á uppdrætti er til hliðsjónar en ákvarðast endanlega við verkhönnun. Gróður beggja vegna stíga raskist sem minnst og hugað verði sérstaklega að plöntun fjölbreytts gróðurs til skjólmyndunar og fegrunar umhverfis. Lóðarmörkum er breytt og þau einfölduð meðfram Sunnuhlið 1. Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsuppdrætti og endanlega á mæliblaði. Frágangur á lóðarmörkum skal gerður í samráði við Kópavogsbæ.

#### Gatnakerfi
Núverandi gatnakerfi helst í öllum meginatriðum óbreytt. Hringtorg var gert við austurenda Kópavogsbrautar árið 2014 í samræmi við skipulagsuppdrátt Kópavogstúns frá 2005. Gatnakerfið sem þar var skipulagt helst óbreytt. Þó er miðju hringtorgsins hnikað lítillega til austurs, götukantar færðir og upphækkun gerð við enda Kópavogsbrautar þannig að hjóla- og göngustígur þveri götu með sem minnstum hæðarmun. Áfram gert ráð fyrir stoppistöð / útskoti fyrir almenningsvagna við enda Kópavogstúns.

#### Akstursleiðir og bílastæði
15 bílastæði standa á innan skipulagssvæðisins á bæjarlandi, útfrá lóðum hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar. Við aðalinngang byggingar 1B færist stoðveggur stígs fram um rúma 2 metra og rúmast þar því eftir breytingu um þrjú stæði á bæjarlandi í stað fimm áður. Austan við Kópavogsbraut 1C voru 10 stæði á borgarlandi. Þar færist stoðveggur einnig framar og ef þurfa þykir og það hafi ekki mikil áhrif á gróður og umhverfisleg gæði má þar fjölga má stæðum um allt að þrjú.

Ein innkeyrsla á lóð er innan skipulagssvæðisins, að Kópavogsbraut 2. Liggur hún samkvæmt afstöðumynd á lóðarmörkum og er sameignleg með innkeyrslu að Kópavogsbraut 4. Breidd innkeyrslu (og þ.a.l. akstur yfir gangstétt og hjólastíg) er takmörkuð við 2,5 m breidd. Aðrir 2,5 m bætast svo við breidd heimreiðar á aðliggjandi lóð, utan skipulagssvæðis.




Úr Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, ekki í mælikvarða.
Staðsetning skipulagssvæðis:




### SKIPULAGSSKÝRINGAR

- deiliskipulagsmörk
- almenn akbraut
- göngustígur / gangstétt / blandaður stígur — þar sem samkv. íslenskum umferðarlögum má hjóla á gangstéttum
- hjólastígur / hjólrein — aðgreining hjólastefna eins og línur og örvar sýna
- stígar skarast, sérstök aðgát við verkhönnun — hjólastígur þverar göngustíg eða göngustígur þverar hjólastíg
- hellulagðir stígar og áningarsvæði — gegndræpt yfirborð, náttúrleg áferð
- græn svæði / útivistarsvæði til sérstakra nota — þ.m.t. hellulagt gangstéttarrými
- ekið og bakkað yfir gangstétt og stíga — að og frá samþykktum bílastæðum á lóðum, hornrétt á götu
- götukantur
- niðurtekinn götukantur
- hljóðveggur
- stoðveggur — hlaðinn eða steyptur eftir atvikum
- miðlína Hafnarfjarðarvegar og 30 m helgunarsvæði — skv. IS 50V grunni LMÍ í janúar 2024
- bekkir, tré og annar gróður í göturými — leiðbeinandi, nánar ákveðið við landslags-, umferðar- og gatnahönnun
- yfirborðsmerkingar, umferðarforgangur og lýsing — leiðbeinandi, nánar ákveðið við umferðar- og gatnahönnun
- aflögð lóðarmörk
- ný lóðarmörk
- 1m hæðarlínur skv. landupplýsingakerfi Kópavogs

### KORTASKÝRINGAR UTAN SKIPULAGSSVÆÐIS

**kortaskýringar utan skipulagssvæðis UPPDRÁTTUR 1**

- lóðir og lóðarmörk — skv. teiknigrunni Kópavogs 2023
- bílskúrar og bílageymslur — skv. landupplýsingakerfi og aðaluppdráttum
- byggingar — skv. landupplýsingakerfi Kópavogs við staðfestingu skipulags
- græn svæði / opin svæði utan skipulagssvæðis — skv. teiknigrunni, samþykktu skipulagi og loftmyndum
- akbraut og götukantur — skv. teiknigrunni
- gangstétt / stígar — skv. teiknigrunni Kópavogs og loftmyndum
- bílastæði á lóðum og í göturými — skv. hönnun, loftmyndum, mæliblöðum eða aðaluppdráttum

**skipulagsdrög í vinnslu**

### SAMÞYKKT OG STAÐFESTING

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt

í skipulagsráði Kópavogs þann ______________________ 2024

og í bæjarstjórn Kópavogs þann ______________________ 2024.

Tillagan var auglýst frá ______________________ 2024

með athugasemdafresti til ______________________ 2024.

______________________ ______________________

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt

í B-deild Stjórnartíðinda þann ______________________ 2024.

**Skipulagsgögn:**
Skipulagsuppdrættir og greinargerð á tveimur A1 blöðum.

**Kortagrunnar:**
Skipulagssvæði og nágrenni:
*Landupplýsingakerfi Kópavogs SHAPE gögn september 2022*
*Götuheiti og staðföng: LUKR. Miðlína Hafnarfjarðarvegar: LMÍ*

**Hnitakerfi: ISN93** **Kvarði: 1:500 (A1)**

| Útg. | Dags. | Tilefni | Skipulag |
|---|---|---|---|
| 2 | | | |
| 1 | | | |

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 23521 Deiliskipulag hjólastígs um Kópavogshals — Dagsetning: 14.03.2024

Skipulag: OG — Yfirfarið: RÞÞ / KHK

Kópavogsbær